

ÁRSSKÝRSLA 1997-1998

# VEÐURSTOFA ÍSLANDS



## EFNISYFIRLIT

ÁVARP VEÐURSTOFUSTJÓRA	3
------------------------	---

VEÐURSKYTASTÖÐVAR - JARÐSKJÁLFTAFTIRLITSKERFI	4
---	---

### MEGINVIÐFANGSEFNI SVIDA OG DEILDA

Þjónustusvið	5
--------------	---

Tækni- og athugasvið	6
----------------------	---

Úrvinnslu- og rannsóknasvið	8
-----------------------------	---

Jarðeðlissvið	10
---------------	----

Upplýsingatæknideild	11
----------------------	----

TÖLVUKERFI VEÐURSTOFUNAR	12
--------------------------	----

### DÆMI UM VIÐFANGSEFNI

Jarðskjálftar í Henglinum	14
---------------------------	----

FASTEX	15
--------	----

### REKSTRARYFIRLIT 1997 OG 1998

Rekstrargjöld og tekjur 1997	16
------------------------------	----

Rekstrargjöld og tekjur 1998	17
------------------------------	----

STARFSMENN 1997 OG 1998	18
-------------------------	----

FUNDIR - RIT - ERINDI	19
-----------------------	----

SUMMARY IN ENGLISH	23
--------------------	----



ÁRSSKÝRSLA VEÐURSTOFU ÍSLANDS 1997-1998

Umsjón: Barði Þorkelsson

Hönnun og umbrot: Argus Þrentun: Svansprent

Forsíðumynd: Veðurathugunarstöðin á Dalatanga. Ljós.: Mats Wibe Lund

Baksíðumynd: Snjóflóð í Þjarnardal í Önundarfirði. Ljós.: Jón Gunnar Egilsson

Gefið út í apríl 2000



Magnús Jónsson,  
veðurstofustjóri.

Ársskýrsla Veðurstofu Íslands kemur nú út í annað sinn í breyttu formi. Eftir þær miklu breytingar sem urðu á stofnuninni í kjölfar snjóflóðaslysanna miklu 1995 má segja að að árin 1997 og 1998 hafi einkennst öðru fremur af frekari þróun og aðlögun starfseminnar að breyttum aðstæðum og lagaumhverfi. Mikil skipulagsvinna, uppbygging þekkingar og þjálfun starfsmanna í nýjum verkefnum á sviði ofanflóða festi þessa nýju starfsemi í sessi og reynsla komst á nýtt vöktunarhlutverk Veðurstofunnar á snjóflóðahættu. Ekki leikur vafi á að með þessu skipulagi hefur öryggi íbúa þeirra þéttbýlisstaða sem búa við snjóflóðahættu verið aukið verulega. Með byggingu varnarvirkja mun hins vegar smám saman draga úr þörf fyrir öryggisvöktun og rýmingar og ætti þá að endurskoða það óvenjulega hlutverk sem Veðurstofunni var falið með lögum.

Tækniframfarir, ekki síst í allri upplýsingamiðlun, settu einnig svip sinn á starfsemi stofnunarinnar á þessu tímabili. Þjónusta var stóraukin í Textavarpinu og á vefsíðu Veðurstofunnar auk þess sem framsetningu veðurfregna í Sjónvarpinu og á Stöð 2 var breytt í samvinnu við Veðurstofuna. Mikil skjálftavirki á Suðvesturlandi og eldsumbrot í Vatnajökli urðu til þess að jarðskjálftamælum Veðurstofunnar var fjölgað verulega og vöktun efl. Sjálfvirkum veðurstöðvum var fjölgað talsvert, ekki síst á fjölsóttum ferðamannastöðum.


Þröngur fjárhagur mótaði einnig starfsemina á tímabilinu og var árið 1998 eitt versta ár í sögu Veðurstofunnar hvað fjárhagslegan rekstur varðar. Húsnæðisþrengsli og skortur á veðurfræðingum voru þó erfiðustu mál þessara ára. Síðla árs 1998 var ákveðið að leysa húsnæðisvandann til bráðabirgða með því að heimild fékkst á fjárukalögum 1998 fyrir því að reisa allt að 200 fermetra timburhús á lóð stofnunarinnar. Til að reyna að bæta úr langvarandi skorti á veðurfræðingum var á árinu 1997 gerður samningur við Háskóla Íslands um að stofnunin kostaði að mestu stöðu dósents í veðurfræði við skólann með það að markmiði að efla rannsóknir í veðurfræði og stuðla að fjölgun þeirra sem vilja leggja stund á nám í veðurfræði.

Mesta breytingin á stofnuninni á þessu tímabili er þó tengd kjara- og samningamálum starfsmanna. Árið 1997 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að flytja kjarasamningsgerðina að verulegum hluta út til stofnananna sjálfra, samhliða því að tekið var upp nýtt launakerfi hjá flestum stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Gerðir voru sex svokallaðir aðlögunarsamningar milli stofnunarinnar annars vegar og stéttarféлага hins vegar. Megininntak þessara samninga var, að ýmsar aukagreiðslur voru felldar inn í dagvinnulaunataxta, sem m.a. leiddi til réttlátari greiðslna fyrir vaktavinnu og yfirvinnu auk þess sem þessir samningar breyttu eftirlaunagreiðslum. Er þetta sennilega mesta breyting sem gerð hefur verið á kjaramálum opinberra starfsmanna síðan þeir fengu samningsrétt. Að mati undirritaðs var þetta nauðsynleg og löngu tímabær aðlögun að breyttu rekstrarumhverfi ríkisstofnana, alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni um vinnuafll bæði innan lands og utan, ekki síst meðal háskólamenntaðra starfsmanna.


Á sviði alþjóðlegrar samvinnu bar hæst aukið samstarf Evrópuþjóða innan ramma EUMETNET. Gerður var formlegur samstarfssamningur 1998 milli Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands á þeim sviðum starfseminnar sem ekki er á samkeppnismarkaði. Þá tók Veðurstofan þátt í tveimur stórum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem styrkt voru af ESB en það voru veðurfræðiverkefnið FASTEX og jarðskjálftaspáverkefnið PRENLAB.

Stauknar kröfur eru gerðar til vöktunar á óbliðum náttúruöflum á Íslandi og litur Veðurstofa Íslands á það sem krefjandi og ógrandi verkefni að uppfylla þær. Hið upplýsta, en um leið viðkvæma tæknisamfélag, þarf því enn frekar á starfsemi Veðurstofunnar að halda en nokkru sinni áður. Þess vegna verður að tryggja að stofnunin sé ætíð sem best í stakk búin til að takast á við þessi verkefni, enda er óviða að finna meiri ávinning af starfsemi á vegum hins opinbera en einmitt á þeim sviðum sem Veðurstofa Íslands starfar.

Veðurskytastöðvar Veðurstofunnar í árslok 1998



Jarðskjálftaæftirlitskerfi Veðurstofunnar í árslok 1998



## Þjónustusvið

**M**egineinkenni á starfsemi Þjónustusviðs á árunum 1997 og 1998 er mjög alvarlegur skortur á veðurfræðingum, bæði til að sinna almennri veðurþjónustu og til þróunarstarfa. Af þeim sökum hefur miklu minna orðið úr þróun á nýjum þjónustuþáttum en þurft hefði að vera og ekki hefur verið hægt að sinna mörgum mjög aðkallandi verkefnum, svo sem kerfisbundnu gæðaeftirliti.


Til þess að gera það kleift að anna nauðsynlegustu vöktun og veðurþjónustu var leitað eftir veðurfræðingum erlendis. Það bar þann árangur að breskur veðurfræðingur, John Gray, var ráðinn til starfa í sex mánuði á árinu 1998. Af augljósum ástæðum var ekki hægt að fela honum að semja almennar veðurspár á íslensku en hann sinnti flugveðurþjónustu með miklum ágætum.

Tvær sjónvarpsstöðvar, RÚV og Stöð 2, breyttu framsetningu sinni á veðurfregnum. Stöð 2 reid á vaðið og tók í notkun nýjan búnað til að birta veðurupplýsingar í maí 1998 og RÚV fylgdi á eftir með svipaðan búnað rúmum mánuði síðar. Báðar stöðvarnar hafa gert samstarfssamning við Veðurstofuna sem leggur til nauðsynleg gögn. Stöðvarnar ráða hins vegar sjálfar fólk til að setja upplýsingarnar fram.

Miklar framfarir í upplýsingatækni hafa orðið til þess að miðlun upplýsinga frá Þjónustusviði hefur breyst. Allar almennar veðurupplýsingar er nú að finna á vefsíðum og hefur notkun upplýsinga á því formi farið hraðvaxandi. Þá hefur einnig verið unnið að því að koma meiri veðurupplýsingum á framfæri í Textavarp. Þetta stóraukna framboð af veðurupplýsingum virðist hafa haft þau áhrif að heldur færri nota Veðursimann en áður. Á stöplariti á blaðsíðu 11 má sjá hvernig aðsókn að Veðursimannum og veðurþjónustusíðum á vefnum hefur þróast á árunum 1997 og 1998. Ljóst er að samanlögð notkun þessara miðla hefur vaxið verulega.


Ekki er vitað hvaða áhrif þessi tæknibylting hefur á stöðu veðurfregna í útvarpi en líklega hefur þeim fækkað sem aflla sér veðurupplýsinga með því að hlusta á hefðbundinn veðurfregnalestur á Rás 1. Líklegt verður að telja að sú þróun haldi áfram og að væntanlegar tækninýjungar, svo sem samþætting Internets og farsíma, leiði til þess að Veðurstofan muni í framtíðinni leggja megináherslu á að miðla upplýsingum með öðrum hætti en veðurfregnum í útvarpi. Þó er ljóst að enn um sinn jafnast fátt á við útvarpið til að koma viðvörðunum og tilkynningum um óvænt veðrabrigði til landsmanna.

Eins og nefnt var í upphafi hefur minna orðið úr þróun sérþjónustu en æskilegt væri og er ástæðan fremur skortur á starfsmönnum en skortur á verkefnum eða eftirspurn. Þó má nefna hér tilraun sem gerð var í



Breski veðurfræðingurinn John Gray að störfum (ljósm.: Hallgrímur Marinósson).

samvinnu við dönsku veðurstofuna (DMI) annars vegar og Vegagerðina, Gatnamálastjórnann í Reykjavík og Áhaldahús Garðabæjar hins vegar. Tilraunin hófst í byrjun árs 1998. Hún felst í því að athugunum er safnað frá fimm veðurathugunarstöðvum við vegi á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess og þær sendar á 10 mínútna fresti til DMI. Þar eru þær settar inn í öflugt „hákkuspakerfi“ og til baka kemur á klukkustundar fresti allnákvæm 5 klukkustunda spá um hita í lofti og vegi, raka í lofti og ísmyndun á veginum. Þar má einnig sjá tilgátu um vind, skýjahulu og úrkomu. Spárnar eru settar fram á myndrænu formi og geta vegaeftirlitsmenn nálgast þær á sérstakri vefsíðu.



Spá um hita og ísmyndun á vegi.

## Tækni- og athuganasvið

**M**eginviðfangsefni Tækni- og athuganasviðs eru veðurathuganir á og umhverfislandið. Í þeim tilgangi er starfræktur fjöldi veðurstöðva, ýmist mannaðar eða sjálfvirkar. Sérstakar stöðvar sem nefna má er veðurstöðin á Keflavíkurflugvelli með 10 starfsmönnum sem annast flugvallarveðurathuganir og einnig háloftaathuganir, ennfremur veðurathugunarstöðina á Hveravöllum á Kili en þar starfa tveir veðurathugunarmenn árið um kring. Starfsmenn í Reykjavík voru 12 í árslok 1998.

Loks er rétt að nefna sérstaka snjóeftirlitsmenn á nokkrum þéttbýlisstöðum, þar sem hættu er talin á snjóflóðum. Í árslok 1998 voru 6 aðalmenn og 11 aðstoðarmenn starfandi, auk lögreglunnar á Patreksfirði.

## Veðurstöðvakerfið

Fjöldi mannaðra veðurstöðva hefur lítið breyst undanfarin ár. En þó er nokkur fjölgun svokallaðra úrkomustöðva enda breytileiki úrkomunnar mikill á milli svæða. Í árslok 1998 var athugað á 45 veðurskeytastöðvum, 32 veðurfarsstöðvum, 52 úrkomustöðvum og á 4 stöðvum var aðeins mældur vindur eða sólskinsstundir. Heildarfjöldi mannaðra veðurstöðva var því 133 í árslok 1998.

Veðurathuganir voru einng gerðar um borð í allmörgum íslenskum skipum og ennfremur tekur Veðurstofan þátt í fjölþjóða verkefni um veðurathuganir með rekduflum á Norður-Atlantshafi.

Sjálfvirkum veðurstöðvum hefur fjölgað hratt á síðustu árum, og í árslok 1998 átti Veðurstofan og rak 43 stöðvar. Í flestar þeirra er hringt sjálfvirkt á klukkustundar fresti og gögn sótt. Allmargir aðilar, s.s. Landsvirkjun, Siglingastofnun og Vegagerðin eiga og reka fjölda sjálfvirkra stöðva. Veðurstofan hringir einnig í fjölmargar þessara stöðva og nýtir gögnin við veðurvöktunina ásamt því að geyma upplýsingarnar í gagnagrunni sínum.

## Önnur föst verkefni

Meðal fastra verkefna sviðsins eru mengunarmælingar í úrkomu og lofti. Aðaláhersla hefur verið lögð á að fylgjast með loftborinni mengun af fjarlægum uppruna ásamt því að meta almennt efnainnihald lofhjúps og úrkomu. Athuganir þessar eru þáttur í mörgum þeim alþjóðlegu vöktunarkerfum sem hafa að markmiði verndun andrúmsloftsins og að fylgjast með loftslagsbreytingum. Mælingar og söfnun sýna fer að mestu fram að Írafossi við Sog og á Stórhöfða í Vestmanna-




Útbúnaður til sjálfvirkra mælinga á snjódypt á Hveravöllum. Þetta er tilraunaverkefni, en stefnt er að því að beita samskonar mæliaðferðum við snjódyptarmælingar á snjóflóðahættusvæðum í framtíðinni (ljósm.: Flosi Hrafn Sigurðsson).



Hér er verið að setja upp sjálfvirka veðurathugunarstöð á Rauðanúpi (ljósm.: Elvar Ástráðsson).

eyjum en einnig í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Í samstarfi við sænsku veðurstofuna eru stundaðar háloftaathuganir um borð í m/s Godafossi þegar hann er í hafi á leið milli Reykjavíkur og Norfolk í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Eins og áður er getið er Veðurstofan í samstarfi við 10 Vestur-Evrópuþjóðir (EGOS) um að halda úti neti rekdufla til veðurathugana. Hlutur Veðurstofunnar hefur verið kvörðun og sjösetning 10–20 dufla á ári ásamt því að fylgjast með að gæði athugana séu viðunandi. Fjöldi dufla á vegum EGOS sem eru virk hverju sinni er milli 30–50, og ending þeirra er um eitt ár. Í lok desember 1998 voru 32 dufl í lagi á norðanverðu Atlantshafi og sendu frá sér gögn.



Veðursjármynd (ljósm.: Guðmundur Hafsteinsson).

Rekstur veðursjár á Miðnesheiði skammt norðan Sandgerðisvegur er á verkefnaskrá deildarinnar, en með henni er unnt að fylgjast með úrkomusvæðum í allt að 240 km fjarlægð. Reyndar er hægt að fylgjast með endurkasti frá úrkomu í allt að 480 km fjarlægð en það er ekki raunhæft vegna sveigju yfirborðs jarðar. En þessi eiginleiki hefur nýst til að fylgjast með síðustu eldgosum í Vatnajökli, bæði til að staðsetja og meta hæð gosmakkarins.

### Tímabundin verkefni

Í byrjun árs 1997 fór fram viðamikil rannsókn- og mælingaverkefni á Norður-Atlantshafi (FASTEX) með þátttöku Veðurstofunnar. Áfram var haldið tilraunum með búnað til að staðsetja eldingar og mæla tíðleika þeirra. Nokkuð góð reynsla hefur fengist af þessu verkefni, en sífellt er reynt að bæta búnaðinn og var hann að mestu endursmiðaður 1997. Með fleiri mælingum batna gögn til leiðréttinga á staðsetningum eldinga og nákvæmni kerfisins eykst.

Áfram var haldið tilraunum með snjódyptarmælitæki í Bláfjöllum, á Hveravöllum, á Hafnarfjalli við Siglufjörð og á Seljalandsdal.

Í samvinnu við markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins hóf Veðurstofan, í apríl 1998, mælingar á vindi og hita í tveim hæðum í 40 metra háu mastri við Sómastaðgerði í Reyðarfirði í þeim tilgangi að meta stöðugleika lofts með tilliti til dreifingar mengunarefna frá stóriðju.

Samstarf við bütæknideildina á Hvanneyri og fleiri aðila um vindalag á rafmagnsgirðingar hófst 1997.

## Úrvinnslu- og rannsóknasvið

### Meginviðfangsefni sviðsins er fimmþætt:


1. Hefðbundin úrvinnsla veðurathugana.
2. Veðurfarsrannsóknir.
3. Söfnun hafisgagna, úrvinnsla og rannsóknir þeim tengdar.
4. Snjóflóðarannsóknir og snjóflóðæftirlit.
5. Rannsóknir í kennilegri veðurfræði.

### Hefðbundin úrvinnsla veðurathugana

Til Veðurstofunnar berast á ári hverju meir en 130 þúsund veðurathuganir gerðar af athugunarmönnum víðsvegar um land. Sjálfvirkum athugunum sem berast stofnuninni hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum og má áætla að árlega bætist um hálf milljón slíkra athugana í safnið. Sviðið sér um móttöku og skráningu veðurbóka og veðurskýrslna. Sömmuleiðis hefðbundið gæðæftirlit, vistun og varðveislu gagna í skjala- og tölvusöfnum auk viðhalds og þróun eftirlits- og úrvinnslubúnaðar.

### Útgáfa tímaritsins Veðráttunnar

Tímaritið Veðráttan kemur út að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði auk sérstaks ársyfirlits. Í Veðráttunni eru upplýsingar um daglegt hitafar og úrkomu á nokkrum veðurathugunarstöðvum auk mánaðar meðaltala allra mannaðra stöðva. Þar er einnig yfirlit um helstu jarðskjálfta, hafis og tjón af völdum veðurs.



Sumarið 1997 var mjög sveiflukennt í hita. Snemma í júní kom hastarlegt kuldakast og þá frysti um mikinn hluta landsins ofan í hásumarhita dagana á undan.

### Útgáfa vottorða um veður

Gefin eru út vottorð um veðurathuganir og veðurspár til nota í einka- og sakamálum ýmiss konar.

### Fyrirspurnaþjónusta

Símaþjónusta er veitt af starfsmönnum sviðsins. Oftast er um að ræða fyrirspurnir um veður og meðaltöl, bæði innanlands og erlendis. Bréflæg fyrirspurnaþjónusta er látin í té, þar með samskipti við útlönd auk allhliða fyrirspurnaþjónustu um veðurfræðileg efni.

### Álitsgerðir og sérverkefni


Sviðinu berast mjög margar óskir um sérstaka úrvinnslu veðurgagna. Oftast er það vegna framkvæmda ýmiss konar eða þá vegna alþjóðlegra upplýsingaskipta af ýmsu tagi.

### Veðurfarsrannsóknir

Sviðið hefur samstarf við systurstofnanir og háskóla erlendis um ýmsar veðurfarsrannsóknir. Mest hefur verið unnið að rannsóknum á gæðum og samfelldni mælirada, en áhersla hefur einnig verið lögð á túlkun eldri veðurgagna.

### Hafís og hafisrannsóknir

Safnað er gögnum um hafis hér við land, bæði „raun-tímaupplýsingum“ sem og sögulegum. Unnið er að



Hitabylgjan í ágúst var ein sú mesta sem vitað er um á hálendi landsins. Hún kom í kjölfar övenju kaldra daga.





Tilraun með upptakastoðvirki ofan Siglufjarðar. Á tilraunasvæðinu, sem er í um 500 metra hæð yfir sjávarmáli í Hafnarfjalli, voru árið 1996 reistar 4 raðir stoðvirkja til þess að rannsaka álag á slík mannvirki við íslenskar aðstæður. Efsta og neðsta röðin eru stálgrindur, en miðraðirnar tvær eru snjóflóðanet af tveimur mismunandi gerðum. Stoðvirkin eru 3–5 metrar að hæð þvert á hliðina, samtals um 200 metrar að lengd og standa í 35–40° halla. Á grundvelli tilraunarinnar hafa verið skilgreindar kröfur sem stoðvirki þurfa að uppfylla á Íslandi (ljósm.: Tómas Jóhannesson).

uppbyggingu gagnasafns um hafis og bættu aðgengi hafisfregna.

### Hafis við strendur Íslands

Hafisrannsóknir Veðurstofunnar sjá um vinnslu og útgáfu ársritsins „Hafis við strendur Íslands“. Rekin er fyrirspurnaþjónusta um allt sem varðar hafis.

### Snjóflóð, snjóflóðaeftirlit og snjóflóðarannsóknir

Snjóflóðamál innan Úrvinnslu- og rannsóknasviðs greinast í nokkra meginþætti:

1. Snjóflóðavöktun. Að vetrarlagi er samfellt fylgst með snjóflóðahættu á þéttbýlisstöðum landsins.
2. Rýmingarmat. Gefnar eru út áætlanir um rýmingu húsnæðis vegna ofanflóðahættu í öllum helstu snjóflóðabæjum landsins.
3. Hættumat. Unnið er að hættumati vegna snjóflóða. Unnið er að nýrri reglugerð um hættumat, sem og önnur þau atriði sem varða skipulag byggðar og snjóflóð.
4. Upplýsingaöflun um snjóflóð, snjóflóðaannálar og snjóflóðaskýrslur. Aflað er upplýsinga um snjóflóð og snjóflóðaannálar eru teknir saman.
5. Kortagerð, landfræðiupplýsingar. Í gangi er kortagerð vegna snjóflóðahættu.

6. Varnarvirki, tilraunir og ráðgjöf. Unnið er að rannsóknnum á snjóflóðavörnum við íslenskar aðstæður. Ráðgjöf er veitt við skipulagningu varna.
7. Aurskriðurannsóknir. Unnið er að úttekt og rannsóknnum vegna aurskriðuhættu á þéttbýlisstöðum landsins í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.
8. Snjóflóð og veðurlag. Unnið er að rannsóknnum á sambandi snjóflóða og veðurlags.
9. Snjóeftirlit (að mestu undir Tækni- og athuganasviði). Starfsmenn sviðsins koma að nokkru að rekstri snjóeftirlitsmannakerfis Tækni- og athuganasviðs.
10. Tilraunir með mælitæki. Unnið er að tilraunum með mælitæki tengdum snjóflóðavörnum og snjóflóðaspám.

### Rannsóknir í kennilegri veðurfræði

Nokkuð er unnið að fræðilegum rannsóknum á sviði veðurspálikana. Mest af því er í tengslum við samvinnuverkefni margra Evrópuþjóða, svokallað HIRLAM-samstarf.

## Jarðeðlissvið

**V**erkefni Jarðeðlissviðs eru afar fjölbreytileg. Á sviðinu er haldið uppi virku eftirliti með jarðskjálftasvæðum og eldfjöllum, einkum með jarðskjálftamælingum og þenslumælingum og túlkun þessara mælinga. Stöðugt er verið að þróa og efla mælitæknina og sjálfvirka úrvinnslu gagna, þannig að mælingar og niðurstöður þeirra komist nær samstundis fyrir augu vísindamanna. Unnið er að rannsóknum til að skilja betur og túlka mælingarnar og efla þannig eftirlitið og þá þjónustu sem unnt er að veita. Þjónustan er margbreytileg, úttektir á jarðskjálftahættu, upplýsingar til almennings í tengslum við jarðskjálfta og eldgos, svo og viðvörðunarbjónusta. Sérstaklega eru Almannaáhrifum ríkisins og almannavarnarnefndum einstakra svæða veittar upplýsingar til þess að undirbúa aðgerðir á þeirra vegum, en einnig öðrum vísindamönnum til að þeir geti tekið þátt í að túlka mælingar og bæta við mælingum ef með þarf. Meðal verkefna sem ekki tengjast jarðskjálftamælingum má nefna mælingar til að fylgjast með ástandi ósonlagsins.

### Eftirlit

Seint á árinu 1996 var svokallaður óróavaki settur upp á flestum jarðskjálftamælistöðvum landsins.


Jarðskjálftamælakerfi landsins er fyrst og fremst ætlað að mæla jarðskjálfta, alveg niður í minnstu skjálfta, staðsetja þá og lesa úr þeim sem mestar upplýsingar um ástand jarðskorpunnar. Segja má að á brotasvæðunum verði litlir skjálftar í sífellu. Með því að nýta þá sem best er reynt að fá samfellda mynd af spennubreytingum.

Það er líka mikilvægt að fylgjast með samfelldum óróa eða titringi sem kemur fram á jarðskjálftamælum, enda hefur hann mikið gildi til viðvörðunar. Það er hins vegar erfitt að staðsetja upptök hans, og þar með að nota hann til sjálfvirkar viðvörðunar eins og jarðskjálftana. Slikur órói getur tengst eldgosum og kvikuhreyfingum og hugsanlega verið í aðdraganda stórra jarðskjálfta. Órói getur líka stafað af vatnavöxtum og jökulhlaupum. Að jafnaði stafar þó mesti óróinn af ölduhreyfingum úti í hafi og af vindi, sem hvort tveggja skekur landið.

Með óróavakanum er reynt á sjálfvirkan hátt að greina óróa, sem hefur viðvörðunar- og eftirlitgildi, frá trullandi áhrifum vinds og ölduhreyfinga. Á meðfylgjandi mynd sést hvað óróavakinn mældi í byrjun eldgossins í Grimsvötnum í desember 1998.

### Gagnagrunnur jarðskjálftamælinga

Á tímabilinu var gífurlega mikið starf unnið í að byggja upp gagnagrunn jarðskjálftamælinga, bæta í göt í úrvinnslu fyrri ára, samræma grunninn innbyrðis og koma



Útslag óróavaka á einni af jarðskjálftastöðvum Veðurstofunnar í byrjun Grimsvatnagossins. Gosið hófst 19. desember 1998, kl. 09:20, en órói jókst mikið sex klukkustundum fyrr.

honum á stafrænt form. Með slíkum gagnagrunni verður hægt að rannsaka á skipulegan hátt innbyrðis tengsl milli jarðskjálfta og jarðskjálftasvæða, sem og aðdraganda stærri jarðskjálfta og eldgos.

Í þessum gagnagrunni eru hátt á annað hundrað þúsund skjálftar sem hafa verið mældir og staðsettir hér á landi allar götur frá 1926.

### Rannsóknir

Víðamiklar rannsóknir eru stundaðar á Jarðeðlissviði með það að markmiði að bæta eftirlit og þjónustu. Víðamest á þessu tímabili voru tvö evrópsk rannsóknaverkefni sem nefnast PRENLAB og PRENLAB-2. PRENLAB er stuttnefni á verkefninum sem á ensku heita Earthquake-prediction research in a natural laboratory, sem á íslensku má þýða Jarðskjálftasparannsóknir í tilraunastofu náttúrunnar, en þá er átt við Ísland. PRENLAB verkefnið hófst í marsbyrjun 1996 og því lauk í lok febrúar 1998. PRENLAB-2 verkefnið hófst í aprílbyrjun 1998 og lýkur snemma árs 2000.

Vísindamenn frá mörgum vísindastofnunum í 6 Evrópulöndum taka þátt í þessum verkefnum, sem Veðurstofan stjórnar. Þetta eru jarðskjálftafræðingar, jarðeðlisfræðingar og jarðfræðingar, sem reyna að kryfja til mergjar, eftir mismunandi leiðum, hvernig spenna byggist upp í jarðskorpunni og með hvaða hætti jarðskjálftar leysast út læðingi.

### Vaxandi virkni

Þessi ár einkenndust mjög af vaxandi virkni í jarðskorpunni, sem segja má að hafi einkennt mörg síðustu ár hér á landi, einkum frá 1994. Þetta veldur að sjálfsögðu mikilli aukningu í gagnastreymi til miðstöðvar mælakerfisins á Veðurstofunni. Oft hefur þetta verið þannig að erfitt hefur verið að ráða við það tæknilega að taka á móti öllum þessum gögnum, vinna úr þeim og nýta þau til að fylgjast með því sem er að gerast. Mikið starf hefur verið unnið við að efla og styrkja mælingakerfi og sjálfvirknihugbúnað til að ráða sem best við samtímaúrvinnslu og vöktun.

## Upplýsingatæknideild


Upplýsingatæknideild hefur umsjón með tölvukerfi Væðurstofunnar, þar með talið miðlægum tölvum, netbúnaði, fjarskiptatækjum og vinnustöðvum. Deildin sér um forritun varðandi fjarskipti, spákerfi, gagnasöfnun og gagnamiðlun og hefur umsjón með miðlægum gagnagrunni. Fastráðnum starfsmönnum fjölgaði um einn á tímabilinu og voru þeir fimm í árslok 1998.

### Helstu verkefni

Árið 1997 voru tekin í notkun forrit frá evrópsku veðurspámiðstöðinni í Bretlandi (ECMWF). Þetta eru forritasöfn sem notuð eru til að vinna á myndrænan hátt með veðurgögn. Komu þau í góðar þarfir til dæmis við gerð veðurspárita sem meðal annars er að finna á vefsíðum Væðurstofunnar.

Árið 1998 var tekinn í notkun nýr gagnagrunnsmiðlari. Sérstök tölva var keypt til verksins og voru gerðar miklar kröfur til áreiðanleika kerfisins. Flutningurinn frá gömlu gagnagrunnsvelinni var gerður í áföngum, en á haustmánuðum 1998 var honum að fullu lokið. Í gagnagrunni Væðurstofunnar eru nú geymd gögn um veðurathuganir og veðurspár, hafis, snjóflóð og jarðskjálfta og vex grunnurinn hratt eins og meðfylgjandi mynd sýnir.


Árið 1998 var gengið endanlega frá aðgangi Væðurstofunnar að gagnabanka evrópsku veðurspámiðstöðvarinnar, en þar er hægt að fá bæði spár og athuganir úr helstu spálíkönun, mörg ár aftur í tímann. Safn þetta er þegar orðið tugir eða hundruð terabæta að stærð og sparar það Væðurstofunni vinnu og kostnað við að halda utan um geymslu spágagna sem oftast eru mjög fyrirferðarmikil.



Fjöldi raða í gagnagrunni.

Á þessum árum jókst mjög sá hluti fjarskipta er varðar miðlun gagna frá Væðurstofunni. Þannig var komið á beinlínusambandi við Stöð 2 og RÚV til miðlunar á veðurgögnum fyrir sjónvarpsveðurfregnir. Einnig bættist við beinlínusamband til Flugmálastjórnar til miðlunar á vindaspám. Auk þessa varð mikil aukning á sjálfvirkri miðlun gagna frá Væðurstofunni yfir Internetið til ýmissa fyrirtækja og stofnana.

Þáttur Internetsins í starfi Væðurstofunnar jókst mikið. Bandbreiddin var tvöfölduð úr 64 Kb í 128 Kb í ársbyrjun 1998 og er líklegt að auka verði enn við hana fljótlega. Áður hefur verið fjallað um sjálfvirkar gagnasendingar yfir Internetið, en mest varð aukningin í notkun veraldarvefsins eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Vefnum er skipt í þrennt: Fyrst ber að nefna hinn opinbera vef, en á honum er búið upp á um 300 síður. Stór hluti þeirra er uppfærður oft á dag og eru veðurspár, veðurathuganir og jarðskjálftaupplýsingar oftast komnar á vefinn nokkrum mínútum eftir að gögnin verða til. Í öðru lagi ber að nefna innahússvefinn. Á honum eru um 70 vefsíður sem eru eingöngu ætlaðar til innahússnota. Í þriðja lagi býður Væðurstofan nokkrum viðskiptavinum sínum upp á vefsíður með sérsniðnum veðurupplýsingum og þarf í flestum tilvikum aðgangsröð til að nálgast þær.



Meðalfjöldi notenda símsvara og vefs á dag eftir mánuðum.

**T**ölvukerfi Veðurstofunnar hefur vaxið mjög að umfangi á síðustu árum eins og sést á meðfylgjandi mynd. Lætur nærri að um þríföldun sé að ræða frá 1994 hvað varðar fjölda eininga á Veðurstofunnetinu. Þó skal tekið fram að talinn er allur sá búnaður sem tengdur er netinu, þar með talið miðlægar tölvur, vinnustöðvar og ýmis jaðartæki eins og prentarar, teiknarar, skjáþjónar og netþjónar. Skipta má kerfinu gróflega í 3 flokka.

## Miðlægar tölvur


Um er að ræða tölvur sem gegna ákveðnu hlutverki. Á flestum þeirra fer fram mikil sjálfvirk vinnsla allan sólarhringinn. Má þar nefna móttöku og vöktun á veður- og skjálftagögnum og dreifingu gagna til aðila innan húss og utan. Enn fremur er á þessum tölvum hugbúnaður til úrvinnslu gagna um veður, hafis, snjóflóð og jarðskjálfta.

## Fjarskipti

Segja má að gagnaöflun og fjarskipti séu undirstöðuþættir í starfi Veðurstofunnar. Tekið er á móti margvíslegum gögnum nánast um leið og þau verða til og magn þeirra er slíkt að útilokað væri að gera það í höndunum. Þess vegna snýst stór hluti tölvukerfis Veðurstofunnar um sjálfvirk fjarskipti. Flest fjarskipti fara um símalínur. Bæði getur verið um að ræða sérstakar leigulínur, en einnig er almenna simakerfið og gagnanetið notað. Auk þessa eru fyrir hendi gervihnattafjarskipti og örbylgjusambönd.

## Vinnustöðvar

Þetta eru þær tölvur sem snúa að notendum. Þær eru meðal annars notaðar til að teikna veðurathuganir og veðurspár á kort, kortleggja jarðskjálfta og þjóna notendum með ýmiss



Tölvukerfi Veðurstofunnar, yfirlitsmynd.

konar hugbúnað eins og ritvinnslu, töflureikni, tölfraði, myndvinnslu, gagnaleit og margt fleira.

Ekki verður fjölyrt frekar um tölvubúnaðinn, heldur farin sú leið að lýsa þeirri tölvuvinnslu sem er á bak við ýmsa þá framleiðslu Veðurstofunnar sem þekktust er. Tekið skal fram að eftirfarandi listi er langt frá því að vera tæmandi og er einungis hugsaður til að varpa ljósi á þau atriði sem fjallað er um.


### „Nú verða lesnar veðurfregnir frá Veðurstofu Íslands“

Veðurstofan tekur á mót veðurathugunum frá mönnum og sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum víðsvegar um landið. Veðurathugunarmenn slá athuganir sínar inn í tölvu og senda til Veðurstofunnar eftir gagnaneti Landssímans. Tölvur sjá um að hringja í sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar, bæði í almenna símakerfinu og farsímakerfinu. Miðlæg tölvu tekur við öllum þessum athugunum, flokkar þær og miðlar áfram til frekari vinnslu. Sumar athuganir eru sendar til útlanda í alþjóðlegt veðurdreifikerfi, en flestar fara þær í vinnslu á Veðurstofunni. Þær eru til dæmis teiknaðar á kort sem veðurfræðingar nota við spágerð, þær eru prentaðar á hina ýmsu lista sem lesnir eru eða prentaðir eru í fjölmiðlum, þær eru birtar á veraldarvefnum og í Textavarp og að lokum fara þær í langtímageymslu í veðurgagnagrunni stofnunarinnar þar sem þær eru notaðar til úrvinnslu og rannsókna.

### „Veðurhorfur næsta sólarhring“

Spágerð Veðurstofu byggist á tölvureiknum veðurspám, veðursjármyndum og veðurtunglamyndum ásamt hefðbundnum veðurathugunum. Stofnunin er með tvær leigulinur til útlanda. Önnur linan liggur til bresku veðurstofunnar og hin til evrópsku veðurspámiðstöðvarinnar og þaðan áfram til dönsku veðurstofunnar. Veðurspár berast reglulega allan sólarhringinn frá öllum þessum stöðum. Miðlægur tölvur taka á mót spánum, greina þær og flokka, búa þær undir myndræna vinnslu og vinna úr þeim sérhæfðar spár fyrir ýmis svæði og tiltekna staði. Einnig taka tölvurnar við myndum frá veðursjóni á Miðnesheiði þrisvar á klukkustund ásamt myndum frá veðurtunglum sem fara yfir landið nokkrum sinnum á sólarhring. Mót-tökutæki eru á þaki Veðurstofunnar og tölvur vinna úr myndunum og gera þær hæfar til birtingar og notkunar í veðurspágerð.

Oll þessi gögn eru nauðsynleg forsenda þeirrar spágerðar sem fer fram á Veðurstofunni, en segja má að hún sé tvenns konar. Í fyrsta lagi leggja veðurfræðingar huglægt mat á gögnin og lýsa veðurhorfum í texta sem lesinn er í útvarpi og á símsvara Veðurstofunnar, en einnig er textanum miðlað með sjálfvirkum hætti á vef, í Textavarp og sendur í gagnagrunn. Í öðru lagi eru búnar til spár fyrir ýmsa staði beint upp úr tölvuspánum og eru þá athuganir undangenginna vikna notaðar til að aðlaga þær að íslenskum staðhátum. Þessum spám er dreift sjálfvirk á vefinn og til ýmissa viðskiptavina.



Fjöldi tölvu á neti.

### „Hitinn á landinu var undir meðallagi“

Sem fyrr segir er öllum veðurathugunum, bæði íslenskum og erlendum, sem berast í fjarskiptakerfi Veðurstofunnar safnað saman í langtímageymslu í veðurgagnagrunni. Grunnurinn er yfirfarinn reglulega og villur frá til dæmis biluðum mælum hreinsaðar út. Gagnagrunnurinn sendir sjálfvirk útskýrslur um nýjustu athuganir bæði á Íslandi og erlendis og eru þær birtar jafnóðum á vefnum. Ennfremur er gagnagrunnurinn notaður til að búa til ýmsar sérhæfðar skýrslur og vottorð, auk veðurfarsyfirlits sem birt er reglulega í fjölmiðlum. Þá er hann forsenda veðurfarsrannsókna hér á landi.

### „Skjálftinn mældist 5,0 stig á Richter kvarða“

Tugir jarðskjálftamæla eru staðsettir víðs vegar um landið og mæla þeir stöðugt alla hreyfingu jarðskorpunnar. Á hverjum stað er tölvu sem vinnur ýmsa grundvallarvinnslu úr gögnunum og sendir niðurstöðurnar til Veðurstofunnar eftir símalinum. Þar taka aðrar tölvur við upplýsingum frá öllum stöðvunum, samræma þær og yfirfara og reikna út staðsetningu og stærð skjálftans. Ef skjálftavirknin reynist yfir tilteknum lágmarksmörkum þá senda tölvurnar frá sér viðvaranir til vaktmanna. Auk þessa liggja stöðugt frammi myndrænar upplýsingar þar sem hægt er að fylgjast með jarðhræringum og eru upplýsingarnar komnar á tölvuskjá örfáum mínútum eftir að þær urðu til á mælistöðvunum. Öll gögnin fara áfram í greiningu og frekari úrvinnslu auk þess sem þau eru sett í langtímageymslu í gagnagrunni.

## Jarðskjálftar í Henglinum

**P**að að geta sagt fyrir um jarðskjálfta er megin-takmark jarðskjálftafræðinnar. Þá er átt við að geta metið það fyrirfram hvar nákvæmlega megi búast við hættulegum brotahreyfingum, hversu mikill kraftur er í brotinu og hvenær skjálftinn verði, og með það miklum fyrirvara að unnt sé að gefa út gagnlega skammtímaviðvörðun. Þetta takmark næst ekki nema með miklum rannsóknum. Með því að skilja hvernig litlir skjálftar eða mælanlegar landbreytingar leiða til stærri skjálfta nálgumst við smám saman þetta markmið og vonandi áður en verulega stórir skjálftar brjótast út.

Skjálftahrinin sem hófst í Henglinum 1994 hefur oft verið hvítleið þeim sem búa í nágrenninu. Það jákvæða við þessa hrinu er að hún hefur fært okkur mikla þekkingu og skilning á því hvernig spenna byggist upp fyrir jarðskjálfta, sem og þekkingu á þeirri brotahreyfingu sem verður við skjálftann. Gífurleg vinna hefur verið lögð í að rannsaka mæligögn vegna hrinunnar. Gögnin gefa tilefni til rannsókna sem eiga eftir að standa í mörg ár enn, rannsókna sem miða að því að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta, á þessu svæði eða annars staðar.

Stærsti skjálftinn í þessari hrinu varð að kvöldi 4. júní 1998, kl. 21:37 og mældist stærð hans 5,1 stig á Richterkvörðu. Við þann skjálfta og fleiri, en nokkru minni skjálfta, sem fylgdu í kjölfarið má segja að skorist hafi á haft í jarðskorpunni sem liggur frá Henglinum og suður í Ölfus. Þetta má glögt sjá á myndunum. Frá því upp úr 1994, þegar hrinan hófst, höfðu starfsmenn Jarðeðlissviðs talið líklegt að henni mundi ljúka með því að misgengishreyfing yrði á N-S sprungu á þessu svæði með jarðskjálfta af stærðinni u.þ.b. 5,5 stig á Richterkvörðu.



Skjálftinn þann 4. júní var í samræmi við þetta mat, en varð þó nokkru minni en ætlað var. Var því búist við að syðri endi sprungunnar, nálægt Hjallahverfi í Ölfusi, ætti eftir að hreyfast, eins og síðar kom í ljós.

Í framhaldi skjálftanna 4. júní fór eins konar spennubylgja um Reykjanesskagann og Suðurland. Þetta kom fram í fjölgun litilla skjálfta á þessum svæðum, en einnig mældust „spennubreytingar“ með sérstakri aðferð, þar sem fylgst er með svokölluðum S-bylgjuklofningi. Þetta er aðferð, sem kennd er við skoska jarðskjálftafræðinginn Stuart Crampin, en hann hefur unnið að þróun þessarar aðferðar innan PRENLAB verkefnisins, sem er evrópskt rannsóknaverkefni, sem Veðurstofan stjórnar. Þetta hvort tveggja og svo mat á fyrri hreyfingum sem höfðu orðið á Hengilssvæðinu gaf sterklega til kynna að vænta mætti skjálfta á syðsta hluta sprungukerfisins, suður af Henglinum.

Þann 13. nóvember 1998, kl. 10:38, varð síðan jarðskjálfti af stærðinni 5,0 á Richterkvörðu á syðsta hluta

sprungukerfisins suður af Henglinum, þ.e. í Ölfusi, eins og sést á myndinni. Í framhaldi af honum varð svo mikill um skjálfta þarna á 15 km löngu A-V belti. Þótt ekki væri gefin út skammtímaviðvörðun um skjálftann 13. nóvember, gefa mæligögn um aðdraganda hans vonir um að segja megi fyrir um síðari skjálfta sem munu verða við svipaðar aðstæður.

Jarðskjálftahrinin í Henglinum er um margt athyglisverð. Með rannsóknum er stefnt að því að skilja betur hvernig spenna byggist upp fyrir jarðskjálfta og hvernig skjálftar leysast úr læðingi, ekki síst svokallaðir Suðurlandsskjálftar, sem eiga sér upptök nokkru austar en ofanefndir atburðir.




Efri myndin sýnir hvar upptök skjálfta á Hengilssvæðinu urðu fimm fyrstu mánuði ársins 1998, en skjálftaupptök á svæðinu höfðu verið með svipuðum hætti allt frá 1994. Á neðri myndinni má sjá hvernig virkin leiðaði til suðurs í júní 1998 og skorist hefur á haft í jarðskorpunni frá Henglinum og suður í Ölfus.

**FASTEX**  
 (Fronts and Atlantic Storm  
 Track EXperiment)


**A**ð frumkvæði nokkurra evrópskra og bandarískra veðurstofa og annarra rannsóknastofnana var efnt til gagnaöflunarátaks á Norður-Atlantshafi í ársbyrjun 1997. Nefndist verkefnið FASTEX og varð það eitt víðamesta veðurgagnaöflunarverkefni sem nokkurn tímann hefur verið ráðist í. Tók Veðurstofan þátt í verkefninu með aukinni tíðni háloftaathugana yfir Keflavíkurlugvelli, háloftaathugunum frá Godafossi og síðast en ekki síst með veðurathugunum við yfirborð jarðar og í háloftum frá varðskipinu Ægi. Með styrk frá fjórðu rannsóknáætlun Evrópusambandsins var Ægir leigður til þessa verks og var skipið við mælingar 4. janúar - 25. febrúar 1997, lengst af nálægt 45°N og 35°V. Auk fyrrgreindra mælinga sjósetti Ægir 9 veðurdufl. Þóttu mælingarnar takast vel sem er í frásögur færandi, því áhöfn Ægis annaðist þær að öllu leyti sjálf, ólíkt því sem var á öðrum skipum FASTEX verkefnisins sem voru að hluta mönnuð veðurfræðingum og tæknimönnum.

Við gagnaöflunina var mest áhersla lögð á að fá sem gleggsta mynd af ástandi lofthjúpsins við lægðamyndun og lægðadýpkun, en auk þess voru m.a. kannaðar fjallabylgjur yfir Grænlandi í flugi sem sýnt er á meðfylgjandi mynd. Gagnabanki FASTEX hefur nú þegar nýst í fjölda rannsóknaverkefna og mun halda áfram að gera það í mörg ár. Meðal verkefna sem athygli hefur beinst að í



Rannsóknataeki til háloftaathugana send á loft (ljösm.: Guy Lachaud).


tengslum við FASTEX er ný tækni til að ákvarða hvar mikilvægt sé að auka veðurathuganir hverju sinni til að unnt verði að reikna þróun veðursins 1-2 vikur fram í tímann með sem mestri nákvæmni. Tekur Veðurstofan, ásamt Rannsóknastofu í veðurfræði þátt í alþjóðlegu samstarfi í rannsóknum með gögnum frá FASTEX og hefur athyglinni hér á landi verið beint að áhrifum landslags á lægðaðróun.



Leið flugvélar sem mældi vind, hita, raka og loftþrýsting í veðrahvolfinu 29. janúar 1997.


	Millj. kr.
Launakostnaður <i>Payroll expenses</i>	322,1
Eignakaup <i>Property purchases</i>	36,0
Húsnæði <i>Housing</i>	24,3
Sérfræðipjónusta <i>Professional services</i>	59,4
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	38,9
Sími og leigugjöld <i>Telecom. and rental fees</i>	26,1
Rekstrarvörur <i>Operating supplies</i>	27,7
Ferðir og fundir <i>Travels and meetings</i>	26,1
Ýmis kostnaður <i>Miscellaneous</i>	13,0
<b>Alls / Total</b>	<b>573,6</b>

Rekstrargjöld / Expenditures



	Millj. kr.
Ríkissjóðsframlag <i>Government allocation</i>	304,2
Alþjóðaflugmálastofnunin <i>ICAO</i>	80,0
Ofanflóðasjóður <i>The Icelandic Avalanche Fund</i>	78,0
Styrkir, framlög o.fl. <i>Grants, contributions, etc.</i>	22,2
Erlend framlög <i>Foreign contributions</i>	34,4
Seld þjónusta <i>Marketed services</i>	50,9
<b>Alls / Total</b>	<b>569,7</b>


Tekjur / Revenues






	Millj. kr.
Launakostnaður <i>Payroll expenses</i>	402,4
Eignakaup <i>Property purchases</i>	27,9
Húsnæði <i>Housing</i>	18,8
Sérfræðipjónusta <i>Professional services</i>	26,6
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	26,3
Sími og leigugjöld <i>Telecom. and rental fees</i>	25,6
Rekstrarvörur <i>Operating supplies</i>	24,0
Ferðir og fundir <i>Travels and meetings</i>	26,9
Ýmis kostnaður <i>Miscellaneous</i>	6,3
<b>Alls / Total</b>	<b>584,8</b>

Rekstrargjöld / Expenditures



	Millj. kr.
Ríkissjóðsframlag <i>Government allocation</i>	320,4
Alþjóðaflugmálastofnunin <i>ICAO</i>	112,8
Ofanflóðasjóður <i>The Icelandic Avalanche Fund</i>	66,2
Styrkir, framlög o.fl. <i>Grants, contributions, etc.</i>	15,5
Erlend framlög <i>Foreign contributions</i>	21,2
Seld þjónusta <i>Marketed services</i>	28,8
<b>Alls / Total</b>	<b>564,9</b>

Tekjur / Revenues



Magnús Jónsson, veðurstofustjóri

**SKRIFSTOFA**

Sigríður H. Ólafsdóttir, forstöðumaður  
Bergljót Friðriksdóttir, gjaldkeri  
(frá 01.03.98)  
Björn Karlsson, eftirlitsmaður huss  
Edda Volva Eiríksdóttir, starfsmannastjóri  
Helga Karlsdóttir, fulltrúi  
Ingólfur Dan Gíslason, gjaldkeri  
(01.12.97-28.02.98)  
Katrín Guðmannsdóttir,  
fulltrúi veðurstofustjóra  
Ólafía Björgmundsdóttir, símavörður  
Silja Sjöfn Eiríksdóttir, aðalbókari  
Vélaug Steinsdóttir, símavörður

**Mötuneyti**

Sigrún Ólafsdóttir, yfirmatreiðslumaður  
Heimir Björgulísson, matráðsmaður  
(til 31.07.97)  
Sigrún Erla Sigurðardóttir,  
matráðsmaður (frá 01.08.97)

**Ræsting**

Ásdís Arnadóttir, ræstingarmaður  
Ingibjörg Erla Jósefsdóttir,  
ræstingarmaður  
Jónína S. Johannsdóttir,  
ræstingarmaður, Keflavíkurlflugvelli  
Steinunn Þorjónsdóttir, ræstingarmaður  
Una Eyrún Ragnarsdóttir,  
ræstingarmaður

**UPPLÝSINGATÆKNIDEILD**

Halla Björg Baldursdóttir,  
tölvunarfræðingur, deildarstjóri  
Baldur Ragnarsson, kerfisfræðingur  
(frá 12.01.98)  
Davíð Pálsson, kerfisfræðingur  
(19.02.97-31.01.98)  
Logi Ragnarsson, stærðfræðinemi  
(til 30.06.97)  
Sigrún Gunnarsdóttir, jarðfræðingur  
Sigurður J. Kristinsson, kerfisfræðingur  
Þórir Sigurðsson, veðurfræðingur

**ÞJÓNUSTUSVIÐ**

Julía Hannam, viðskiptafræðingur,  
forstöðumaður (til 31.01.98)  
Guðmundur Hafsteinsson,  
veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(til 31.01.98), forstöðumaður  
(frá 01.02.98)  
Einar Sveinhjörnnsson, veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(frá 01.03.98)  
Anna Ólöf Bjarnadóttir, eftirlitsmaður  
Árni Sigurðsson, veðurfræðingur  
(frá 08.01.98)  
Ásdís Auðunsdóttir, veðurfræðingur  
Björn Sævar Einarsson, veðurfræðingur  
Björn Karlsson, eftirlitsmaður  
Bragi Jónsson, veðurfræðingur  
Eyjólfur Þorbjörnsson, veðurfræðingur  
(í tímavinnu um stundarsakir)  
Friðjón Magnússon, eftirlitsmaður  
Grétar Jón Einarsson, eftirlitsmaður  
(frá 20.06.97)  
Guðrún Halla Guðmundsdóttir,  
eftirlitsmaður  
Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur  
(16.06.97-31.07.97)  
Gunnur Salbjörg Friðriksdóttir,  
eftirlitsmaður

Haldóra Ingibergsdóttir, eftirlitsmaður  
Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur  
Helga Ívarsdóttir, jarðeðlisfræðingur  
(til 03.09.97)  
Hrafn Karlsson, eftirlitsmaður  
Hörður Þórðarson, veðurfræðingur  
Jenny Olga Petursdóttir, eftirlitsmaður  
John Gray, veðurfræðingur  
(01.01.98-30.06.98)  
Jófríður Guðjónsdóttir, eftirlitsmaður  
Katrín Karlsdóttir, eftirlitsmaður  
Knútur Arnason, eðlisfræðingur  
(til 28.02.97)  
Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðinemi  
(01.06.97-31.07.97)  
Kristján Rutíksson,  
byggingaverkfræðingur  
(06.10.97-31.12.97)  
Ólafur Rognvaldsson,  
jarðeðlisfræðingur (til 30.04.97  
og frá 01.02.98)  
Sigríður Ólafsdóttir, vaktstjóri  
Stella Óskarsdóttir, eftirlitsmaður  
Unnur Ólafsdóttir, veðurfræðingur,  
yfirverkefnisstjóri  
Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur  
(frá 01.05.97)  
Þórir Már Jónsson, eftirlitsmaður  
(19.05.98-20.08.98)

**TÆKNI- OG ATHUGANASVIÐ**

Floki Hrafn Sigurðsson,  
veðurfræðingur, forstöðumaður  
(til 31.07.98, síðan í tímavinnu)  
Hreinn Hjartarson, veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(01.03.98-31.07.98),  
forstöðumaður (frá 01.08.98)  
Elvar Ástráðsson, vélfræðingur  
Hallgrímur Marinósson,  
tækjafraeðingur (frá 01.01.97)  
Henry Berg Johansen,  
rafeindatækni-fræðingur  
Hjörleifur Jónsson, eftirlitsmaður  
Johanna M. Thorlacius, jarðfræðingur  
Jón Gunnar Egilsson,  
byggingatækni-fræðingur  
Jósef Hólmjárn, rafeindavirki  
(frá 01.03.97)  
Kristín Hreinsdóttir, tölvunarfræðinemi  
(15.05.97-22.08.97)  
Torfi Karl Antonsson, landfræðingur  
Vigdís Jóhannsdóttir, eftirlitsmaður  
(01.06.98-31.07.98)  
Þórdur Arason, jarðeðlisfræðingur  
Þórir Ólafsson, tækjasmíður

**Háloftastöðin á Keflavíkurlflugvelli**

Baldur Jósef Jósefsson, háloftamaður  
Björgvin Ómar Hafsteinsson,  
háloftamaður  
Bogi Þór Jónsson, háloftamaður  
Ísleifur Bergsteinsson, háloftamaður  
Jens E. Kristinsson, háloftamaður  
Jóhann Kristinn Lárusson,  
háloftamaður  
Magnús Guðmundsson, háloftamaður  
Sigmar Valgeir Vilhelmsón,  
háloftamaður (frá 01.09.97)  
Sigurjón H. Gestsson, vaktstjóri  
Stefán Ólafsson, háloftamaður

**Veðurathugunarstöðin á Hveravöllum**

Magnús Björnsson,  
veðurathugunarmaður  
(til 31.07.97)

Maria Svavarsdóttir,  
veðurathugunarmaður  
(frá 01.08.97)  
Sigrún Þorólfsdóttir,  
veðurathugunarmaður  
(til 31.07.97)  
Vilhjálmur Kjartansson,  
veðurathugunarmaður  
(frá 01.08.97)

**Snjöeftirlit**

Bergsveinn G. Reynisson,  
snjöeftirlitsmaður, Reykhólum  
(til 30.09.98)  
Guðmundur Helgi Siglússon,  
snjöeftirlitsmaður, Neskaupstað  
Hallgrímur Jónsson, snjöeftirlitsmaður,  
Seyðisfirði  
Jóhann Hannibalsson,  
snjöeftirlitsmaður, Bolungarvík  
Oddur Petursson, snjöeftirlitsmaður,  
Ísafirði  
Tómas Zoega, snjöeftirlitsmaður,  
Neskaupstað  
Órlygur Kristfinnsson,  
snjöeftirlitsmaður, Siglufirði

**Annað starfslið**

Í árslok 1998 voru  
veðurathugunarmenn á 133  
mönnum veðurstöðvum og 11  
aðstoðarsnjöeftirlitsmenn. Árið 1997  
voru athuganir á sju gerðar á 19  
skipum og árið 1998 á 14 skipum.

**ÚRVINNSLU- OG  
RANNSÓKNASVIÐ**

Trausti Jónsson, veðurfræðingur,  
forstöðumaður  
Kristján Jónsson, stærðfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(til 31.08.98)  
Þórunna Pálsdóttir, veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(frá 01.12.98)  
Adda Bára Sigfusdóttir, veðurfræðingur  
(í tímavinnu um stundarsakir)  
Árni Jónsson, byggingaverkfræðingur  
(01.03.97-31.07.97)  
Christopher James Keylock,  
jarðeðlisfræðingur  
(10.03.97-23.09.97)  
Eiríkur Sigurðsson, veðurfræðingur  
Guðrún Þórunn Gísladóttir,  
landfræðingur  
Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur  
Harpa Grímsdóttir, landfræðingur  
(frá 12.05.97)  
Hjalti Sigurjónsson, jarðeðlisfræðingur  
(26.05.97-29.09.98)  
Hrafn Guðmundsson, eðlisfræðingur  
(01.01.97-31.12.97 og  
24.06.98-31.08.98)  
Ingibjörg Jónsdóttir, landfræðingur  
(01.08.97-30.09.98)  
Jón Elvar Wallevík, eðlisfræðingur  
(01.02.97-31.12.97)  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi  
Laura Sandri, jarðeðlisfræðinemi  
(16.06.98-16.09.98)  
Leah Tracy, verkfræðingur  
(frá 01.08.98)  
Magnús Már Magnússon, jöklafræðingur  
Sigurður Hrafn Kiernan,  
byggingaverkfræðingur  
(frá 15.08.97)

Sigurður Þorsteinsson, veðurfræðingur  
Sigríður Ármannsdóttir, fulltrúi  
Svanbjörg Helga Haraldsdóttir,  
jarðeðlisfræðingur  
Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur  
Vidar Erlingsson, eðlisverkefninemi  
(16.05.97-31.07.97 og  
01.06.98-31.08.98)  
Úrsúla E. Sonnenfeld, fulltrúi  
Þorsteinn Arnalds,  
vela- og iðnaðarverkfræðingur,  
yfirverkefnisstjóri (frá 01.09.98)  
Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur,  
yfirverkefnisstjóri

**Bókasafn**

Þóra Stefánsdóttir, bókasafnsfræðingur

**JARDEÐLISSVIÐ**

Ragnar Stefánsson,  
jarðskjaltafræðingur,  
forstöðumaður  
Páll Halldórsson, eðlisfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(frá 01.03.98)  
Bardi Þorkelsson, jarðfræðingur  
Bergr H. Bergsson,  
rafmagnstækni-fræðingur  
Bergþóra S. Þorbjarnardóttir,  
jarðeðlisfræðingur (frá 01.01.98)  
Einar Kjartansson, jarðeðlisfræðingur  
(til 31.12.98)  
Gunnar B. Guðmundsson,  
jarðeðlisfræðingur  
Helgi Gunnarsson,  
rafmagnsverkefninemi  
(10.07.97-29.08.97)  
Kristján Ágústsson, jarðeðlisfræðingur  
Margrét Asgeirsdóttir, eftirlitsmaður  
(04.04.97-21.08.97 og frá  
02.06.98)  
Palmi Erlendsson, jarðfræðingur  
Sigurður Th. Rognvaldsson,  
jarðskjaltafræðingur  
Steinunn S. Jakobsdóttir,  
jarðeðlisfræðingur  
Sturla V. Ragnarsson,  
rafmagnstækni-fræðingur  
Þóra Arnadóttir, jarðeðlisfræðingur  
(frá 01.09.98)  
Þórunn Skafatadóttir, jarðfræðingur

**Annað starfslið**

Í árslok 1998 voru umsjónaraðilar  
með jarðeðlisfræðilegum mælistöðvum  
alls 36.

**STARFSMENN 1995 OG 1996**

**Leiðréttingar**

**Mötuneyti**

Ingibjörg Ásdís Pálsdóttir,  
matráðsmaður  
(23.02.96-18.12.96)  
  
**Bókasafn**  
Þóra Stefánsdóttir,  
bókasafnsfræðingur

**FUNDIR 1997**

Ráðstefnan Climatic and Environmental History of Northern Europe and North Atlantic Region over the past 1000 years var haldin í Reykjavík dagana 4.-5. ágúst. Ráðstefnan var á vegum Veðurfarsöguhops Norður-Evrópu, en Veðurstofan stóð fyrir henni í samvinnu við Háskólann í Colorado. Undirbúningur ráðstefnunar var í höndum Trausta Jónssonar og A. Ógilvie. Flutt voru 20 erindi og þáttakendur voru um 40 frá 11 löndum.

**FUNDIR 1998**

Ráðstefnan Atmospheric Circulation Related to Oscillations in Sea-ice and Salinity - ACROSS var haldin í Reykjavík dagana 26.-28. mars. Viðfangsefni hennar voru selu- og hitasveiflur í norðanverðu Atlantshafi og tengsl við hringrás andrúmslofsins. Undirbúningur og framkvæmd var í mestu í höndum Trausta Jónssonar. Flutt var 21 erindi á ráðstefnunni og sóttu hana um 70 þátttakendur.

Arlegur samráðsfundur stjórnmálafundar og tæknimefnar EGOS – European Group on Ocean Stations – var haldinn í Reykjavík dagana 18.-19. júní. Aðild að EGOS eiga nú veðurstofur í Vestur-Evrópu, en viðfangsefnið er reikstur veðurullu á Norður-Atlantshafi.

21. þing norrænna veðurfræðinga var haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands í Reykjavík dagana 24.-28. júní. Félag íslenskra veðurfræðinga boðað til þingsins sem haldið er á tveggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndum. Þinghaldið var stutt af Veðurstofunni. Haraldur Ólafsson og Þor Jakobsson höfðu umsjón með undirbúningi og framkvæmd. Meginlíni þingsins voru framtíð spáveðurfræðinnar og reikningar á staðbundnu veðurlari. Auk fyrirlestra innan þessara meginlína var greint frá þróun og rannsóknunum á ymsum öðrum sviðum. Hálfur fjórði tugur erinda var fluttur og voru auk þess sérstakar umræður um meginlíni þingsins sem og framsetningu veðurfræga í sjónvarpi. Þáttakendur voru tæplega 100, að heimatönnum fratöldum, en þeir voru 20. Þá var sú nýbreytni að allar upplýsingar um þingd voru þjálfuðar veitar á veftum, en ekki sendar með hefðbundnum hætti.

Arlegur fundur veðurstofustjóra á Norðurlöndum var haldinn á Akureyri dagana 18.-21. ágúst.

**TIMARITID VEDRÁTTAN**

Árið 1997 voru gefin út mánaðaryfirlit Veðurstofunnar fyrir tímabilið nóvember 1995 til júlí 1996. Ennfremur arsyfirlit fyrir árin 1993 og 1994.

Árið 1998 voru gefin út mánaðaryfirlit fyrir tímabilið ágúst 1996 til maí 1997. Ennfremur arsyfirlit fyrir árið 1995.

**RIT VEDURSTOFU ÍSLANDS 1997**

Sigurður Th. Rognvaldsson, Reynir Bóðvarsson, R. Slunga & Steinunn S. Jakobsdóttir. *The transfer function of the SIL seismic data acquisition system.* VI-R97001-JA01, 18 bls.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir. *Snjöflóðasaga Neskaupstaðar.* VI-R97002-UR01, 223 bls.

Jón Elvar Wallevik & Þor Jakobsson. *Sea surface energy fluxes in the Iceland Sea in February 1997 – a data report.* VI-R97003-UR02, 31 bls.

Þor Jakobsson (ritstjóri). *Eðlisfræði loftþrups jarðar.* 1996. VI-R97004-UR03, 88 bls.

**RIT VEDURSTOFU ÍSLANDS 1998**

Sigurður Th. Rognvaldsson, Kristján Ágústsson, Bergur H. Bergsson & Grímur Björnsson. *Jarðskjálftamálanet í nágrenni Reykjavíkur – lýsing á mælaneti og fyrstu niðurstöður.* VI-R98001-JA01, 15 bls.

Kristján Ágústsson, Sigurður Th. Rognvaldsson, Bergur H. Bergsson & Ragnar Stefánsson. *Jarðskjálftamálanet Veðurstofu Íslands og Hitaveitu Suðurnesja – lýsing á mælaneti og fyrstu niðurstöður.* VI-R98002-JA02, 17 bls.

